Nr. 29
28. nóv.

Lög

um

breyting á 1. gr. laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettsmerki, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrsta grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911 skal vera sem hjer segir:

Fyrir hvert skip, sem hefir fullkomið þilfar eða gangvjel og tekur höfn á Íslandi eða haldið er úti frá landinu, skal greiða vitagjald, 1 kr. af hverri smálest af rúmmáli skipsins, og skal hálf lest og þaðan af stærra brot talin heil, en minna broti slept. Skemtiferðaskip, sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skulu greiða 40 aura í vitagjald af hverri smálest.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip og skip, sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi nje úr öðrum skipum, nje heldur flytja farm í land eða önnur skip, enda hafi sannast í sjóprófi eða annari lögfullri sönnun, að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemdum, af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Vitagjald skal greiða í hverri ferð, sem skip kemur frá útlöndum, og skal það int af hendi á fyrstu höfn, er skipið tekur hjer við land Skip, sem að eins eru höfð til innanlandssiglinga eða haldið er úti til fiskjar af landsmönnum, greiða vitagjald einu sinni á ári, þó aldrei minna en 10 kr. Árgjaldið greiðist í byrjun útgerðartímans, þar sem skipið er skrásett.

Stjórnarráð Íslands hefir heimild til að semja við stjórnir annara ríkja um vitagjald fyrir fiskiskip, er þaðan eru gerð út til fiskveiða hjer við land.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 55, 26. okt. 1917, um breyting á 1. grein laga um vitagjald frá 11. júlí 1911.

Nr. 29
28. nóv.

3 gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920.
Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.

Lög

Nr. 30
28. nóv.

um

breyting á lögum nr. 22, 14. des 1877, um húsaskatt.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettsmerki, Láenborg og Aldenborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað orðanna »1½ króna« í 1. gr. laga nr. 22, 14. des. 1877, um húsaskatt, komi: 3 krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1920 og gilda til ársloka 1921.
Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 28. nóvember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.